

Starfslýsing yngriflokkaráðs knattspyrnudeildar Sindra



Ráðið er skipað fjórum einstaklingum. Ráðið skal funda reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Framkvæmdastjóri situr fundi ráðsins ef ástæða þykir til og hafa þar tillögurétt og málfrelsi en eigi atkvæðisrétt. Skipa skal formann og boðar hann til funda og stýrir þeim. Formaður á einnig sæti í stjórn knattspyrnudeildar. Skipa skal ritara sem heldur gjörðabók um alla fundi. Ráðið skal skila skriflegum fundargerðum til stjórnar félagsins í lok tímabils. Eitt meginhlutverk ráðsins er að halda utan um starfsemi yngri flokka, vera tenglum til stuðnings í þeirra starfi. Leggja skal áherslu á að auka félagslega þáttinn í starfinu. Taka skal upp virkt eftirlit með vinnu þjálfara.

Að öðru leyti eru helstu hlutverk ráðsins þessi:

- Að skipa tveggja manna foreldraráð (tengla) fyrir hvern flokk. Að auka félagslega þáttinn í starfinu. Að halda úti virkri heimasíðu.
- Yngriflokkaráð heldur fund á hausti í upphafi keppnisárs, með foreldrum og þjálfurum. Þar kynna þjálfarar, sig og sína vinnu, og um leið kosnir tenglar fyrir árið.
- Yngriflokkaráð heldur reglulega fundi með þjálfurum, þar sem fjallað er um málefni flokkana og iðkenda.
- Yngriflokkaráð grípur inn í, og er til ráðgjafar, í samvinnu við framkvæmdastjóra, þar sem agavandamál koma upp innan flokkanna, bæði gagnvart iðkendum, foreldrum og þjálfurum og er tengiliður við foreldra. Ef upp koma agavandamál, er vinnureglan sú að framkvæmdastjóri, tenglar og yngri flokka ráð, ræða málið saman, áður en eitthvað er aðhafst.
- Yngriflokkaráð fylgist með brottfalli iðkenda og sé meðvitað hvort það sé mikið og geti komið með hugmyndir að þeim málum með tenglum.

Við leggjum áherslu á að draga úr brottfalli í knattspyrnunni og leggjum því áherslu á góða samvinnu við foreldra. Ástæður þess að börn og unglingar hætta að iðka knattspyrnu geta verið af ýmsum toga og í sumum tilvikum ekkert áhyggjuefni (t.d. þegar áhugamálin breytast). Þegar iðkandi hættir hins vegar í íþróttum og engin krefjandi áhugamál koma í staðinn er ástæða til að bregðast við. Samráð foreldra og þjálfara getur oft ráðið úrslitum í þessu efni.